

Handbók um umferðarmerki

Bannmerki Flokkur 300

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025



Efnisyfirlit

Yfirlit yfir bannmerki.....	3
Málsetning og gatadeiling.....	6
Málsetning fyrir götun 600 mm bannmerkja.....	6
Málsetning fyrir götun 800 mm bannmerkja.....	6
Gerðir bannmerkja	7
302 Innakstur bannaður.....	7
306 Allur akstur bannaður.....	8
306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.....	8
306.2 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla bannaður	9
306.3 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður	9
306.41 Akstur létttra bifhjóla bannaður.....	10
306.42 Akstur bifhjóla bannaður.....	10
306.43 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður	11
306.5 Akstur vörubifreiða/hópbifreiða bannaður	11
306.6 Hjólreiðar bannaður.....	12
306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð	12
306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar bannaður	13
306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður.....	13
306.10 Akstur hópbifreiða bannaður.....	14
308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður.....	14
309 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður	15
312 Takmörkuð breidd ökutækja	15
314 Takmörkuð hæð ökutækja.....	16
315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja.....	17
316 Takmörkuð lengd ökutækja.....	17
318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.....	18
318.2 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja	18
320 Takmarkaður áspungi.....	19
324 Sérstök stöðvunarskylda.....	19
330. Beygja bönnuð	20
332. U-beygja bönnuð	22
334 Framúrakstur bannaður	22
335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.....	23
336 Bann við framúrakstri afnumið	24
337 Bann við framúrakstri vörubifreiða afnumið.....	24
362 Sérstök takmörkun hámarkshraða	25
364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin	26
370 Bannað að stöðva ökutæki.....	26
372 Bannað að leggja ökutæki	27

Yfirlit yfir bannmerki

				
302 Innakstur bannaður.	306.0 Allur akstur bannaður.	306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.	306.2 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, bannaður.	306.3 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður.
				
306.41 Akstur létttra bifhjóla bannaður.	306.42 Akstur bifhjóla bannaður.	306.43 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður.	306.5 Akstur vörubifreiða bannaður.	306.6 Hjólreiðar bannaðar.
				
306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð.	306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar bannaðar.	306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður.	306.10 Akstur hópbifreiða bannaður.	308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður.
				
309 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður.	312 Takmörkuð breidd ökutækja.	314 Takmörkuð hæð ökutækja.	315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja.	316 Takmörkuð lengd ökutækja.
				
318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja.	318.2 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja.	320 Takmarkaður áspungi.	324 Sérstök stöðvunarskylda.	330.1 Beygja bönnuð (til hægri)

 330.2 Beygja bönnuð (til vinstri)	 332 U-beygja bönnuð.	 334 Framúrakstur bannaður.	 335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður.	 336 Bann við framúrakstri afnumið.
 337 Bann við framúrakstri vörubifreiða afnumið.	 362 Sérstök takmörkun hámarkshraða.	 364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin.	 370 Bannað að stöðva ökutæki.	 372 Bannað að leggja ökutæki.
 380 Afnám banna.				

Almennar reglur um bannmerki

Reglugerð um umferðarmerki:

Bannmerki kveða með bindandi hætti á um bann við tiltekinni umferð eða háttsemi. Takmarkanir á umferð gilda frá staðsetningu bannmerkis og þar til þeim er aflétt en annars að næstu vegamótum, nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki.

Vinnureglur um notkun:

Bannmerki skal setja upp þar sem viðkomandi bann á að taka gildi, að jafnaði við hægri brún vegar. Heimilt er, þar sem sérstök ástæða er til, að setja bannmerki upp við báðar hliðar akbrautar. Þar sem umferð er í sömu átt á tveimur eða fleiri akreinum vegar, skulu bannmerki sett upp beggja vegna vegar verði því við komið. Þar sem bann gildir aðeins um viðkomandi akrein er heimilt er að staðsetja bannmerki ofan akbrautar og er þá ekki nauðsynlegt að setja merki við hlið vegar.

Heimilt er að nota undirmerki með bannmerki. Sé undirmerki notað með bannmerki um að bann taki gildi framundan skal setja bannmerki án undirmerkis upp þar sem bannið tekur gildi.

Þegar veitt er undanþága frá gildi bannmerkis fyrir sérstaka tegund vegfaranda eða umferðar, skal það gert með undirmerki 808.4 Texti með textanum „Nema“ og heiti tegundar umferðar og/eða tákni umferðar.

Þegar veitt er undanþága frá gildi bannmerkis með undirmerki, má undanþágan ekki vera þess eðlis að hægt sé að gefa bannið til kynna með öðru bannmerki án undirmerkis.

Bannmerki eru því aðeins gild að þau séu sjálfstæð merki eða notuð á akreina merkjum eða öðrum viðeigandi sérreglumerkjum. Bannmerki sem fram koma á vegvísunum eða upplýsingamerkjum, svo sem upplýsingatöflum eða bráðabirgðamerkjum, öðrum en bráðabirgða akreina merkjum, skulu einungis vera til upplýsingar og áréttingar um gildandi bönn en kveða ekki með sjálfstæðum hætti á um tiltekin bönn. Óheimilt er að birta bannmerki á öðrum tegundum umferðarmerkja.

Stærð bannmerkja skal vera sem hér segir:

Gerð	Þvermál (mm)	Breidd jaðars (mm)
	D	A
Undirstærð	250	25
Lítil	400	40
Venjuleg	600	60
Stærri	800	80

Bannmerki ber að setja sem næst þeim stað sem merkið á

við. Merkin 330.1 , 330.2  og 332  má þó setja í allt að 50 m fjarlægð frá vegamótum.

Þegar við á skal merkja lengd eða fjarlægð í hættusvæði á


undirmerki 802.1  eða 804.1 .

Utan þéttbýlis á stofnvegum óháð veghaldi og á öðrum vegum með samsvarandi hlutverk, með ársdagsumferð (ÁDU) yfir 500 bílar/dag skal nota stóra stærð (SS).

Innan þéttbýlis þar sem leyfilegur hámarkshraði er 60 km/klst. eða hærri skal nota stóra stærð (SS).



Innan þéttbýlis, á miðsvæðum, við þrengsli eða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 40 km/klst. eða lægri er heimilt að nota litla stærð umferðarmerkja (LS), þó ekki á fjölakreina vegum.

Innan þéttbýlis, er í undantekningartilfellum heimilt, sökum þrengsla, að nota undirstærð (US) fyrir merkin 372 Bannað að leggja ökutæki og 370 Bannað að stöðva ökutæki.



Ef vísa þarf á aðrar leiðir eða ef akstursleið endar þar sem bannsvæði byrjar má gera það með viðbótarkerkjum á upplýsingatöflu.

Málsetning og gatadeiling

Málsetning fyrir götun 600 mm bannmerkja	Málsetning fyrir götun 800 mm bannmerkja
 Diagram showing the dimensions for a 600 mm diameter manhole. The outer diameter is 600 mm. The inner diameter is 170 mm. The wall thickness is 60 mm. The text "Öll mál í mm" (All dimensions in mm) is present.	 Diagram showing the dimensions for an 800 mm diameter manhole. The outer diameter is 800 mm. The inner diameter is 490 mm. The wall thickness is 150 mm. The text "Öll mál í mm" (All dimensions in mm) is present.

Gerðir bannmerkja

302 Innakstur bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að akstur allra ökutækja inn á veg, þ.á m. reiðhjóla og léttra bifhjóla, sé bannaður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem akstur hvers konar ökutækja er bannaður inn á veg. Merkið er annars vegar notað með merki 526  í gagnstæða akstursstefnu við hinn enda vegarkafans og hins vegar stakt, án þess að merki um einstefnu sé notað með því.


Heimilt er að setja merkið upp beggja vegna vegar til að vekja athygli á innakstursbanni.

Sé ákveðinni tegund umferðar, þá helst reiðhjólum, veitt undanpága frá innakstursbanni með undirmerki skal upplýsa um undanpáguna með sama undirmerki við einstefnumerkið.

Annað:

Ef æskilegt þykir má setja 302 beggja vegna götunnar.

Dæmi um notkun merkisins:



306 Allur akstur bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur allra ökutækja, þ.á.m. reiðhjóla og léttra bifhjóla, sé bannaður í báðar akstursáttir. Gangandi vegfarendum er heimilt að teyma reiðhjól.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem akstur hvers konar ökutækja er bannaður í báðar akstursáttir. Merkið skal setja upp við allar aðkomur að því svæði sem merkinu er ætlað að ná yfir.

Heimilt er að vara við banninu með merki 306.0  og undirmerki 802.1. **200 m**. Óheimilt er að takmarka gildissvið eða veita undanþágur frá merkinu með undirmerki. Þó er heimilt að rita skýringu lokunar á undirmerki 808.1 Texti.

Óheimilt er að nota önnur undirmerki.

Ef ætlunin er að takmarka gildi banns skal nota merki 306.1  með viðeigandi undanþágum á undirmerki 808.1

Texti-skýring

Annað:

Ef vísa þarf á aðrar leiðir eða ef akstursleið endar þar sem bannsvæði byrjar má gera það með viðbótarmerkjum á upplýsingatöflu eða bráðabirgðamerki (650F.xx).

306.1 Akstur vélknúinna ökutækja bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki

802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.



306.2 Akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur vélknúinna ökutækja, annarra en tvíhjóla, sé bannaður.



Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð vélknúinna ökutækja annarra en tvíhjóla er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki

802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

306.3 Akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla sé bannaður.



Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð hægfara dráttarvéla, torfærutækja á hjólum og vinnuvéla er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki

802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað

306.41 Akstur létttra bifhjóla bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að akstur létttra bifhjóla sé bannaður.

**Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:**

Merkið skal nota þar sem umferð létttra bifhjóla er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki

802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað

306.42 Akstur bifhjóla bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að akstur bifhjóla sé bannaður.

**Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:**

Merkið skal nota þar sem umferð bifhjóla er bönnuð. Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki

802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

306.43 Akstur torfærutækja á beltum (vélsleða) bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur torfærutækja á beltum, þ.á m. vélsleða, sé bannaður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð bifhjóla er bönnuð.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Annað: Merki þetta á hvorki við á þjóðvegakerfinu né í þéttbýli þar sem umferð vélsleða er þar almennt bönnuð.

306.5 Akstur vörubifreiða/hópbifreiða bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur vörubifreiða sé bannaður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð vörubifreiða er bönnuð.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með

undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Ef bannið nær ekki til allra vörubifreiða skal mesta leyfileg heildarþyngd letuð á undirmerki

808.3 **10 t**.



306.6 Hjólreiðar bannaðar

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að hjólreiðar séu bannaðar.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem hjólreiðar eru bannaðar.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að umferð gangandi vegfarenda sé bönnuð.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð gangandi vegfarenda er bönnuð.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

306.8 Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar bannaðar

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar séu bannaðar.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er bönnuð.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð reiðmanna og rekstur hrossa er bannaður.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Annað: Víða hafa verið settir upp reiðvegir og er vísað á þá með boðmerkinu 414 .

306.10 Akstur hópþingreiða bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur hópþingreiða sé bannaður.



Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð hópþingreiða er bönnuð.

Óheimilt er að nota fleiri en tvö merki um bann við tiltekinni umferð saman á stöng.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með

undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Ef bannið nær ekki til allra vörubifreiða skal mesta leyfileg heildarþyngd letruð á undirmerki

808.3 **10 t**.

308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur ökutækja með hættulegan farm, svo sem sprengiefni, bensín eða annað eldsneyti, sé bannaður.

Takmörkun samkvæmt ADR flokkum B, C, D og E, sbr. reglugerð nr. 1077/2010, er gefin til kynna með undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð ökutækja með hættulegan farm er bönnuð. Ef bannið nær aðeins til tiltekins farms skal tiltaka ADR flokkun samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi, á undirmerki 808.1

Texti-skýring

Heimilt er að gefa upp lengd að stað eða lengd svæðis með undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða

808.1 **Texti-skýring**.

309 Akstur ökutækja með vatnsspillandi farm bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að akstur ökutækja með vatnsspillandi farm sé bannaður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem umferð ökutækja með vatnsspillandi farm er bönnuð. Ef bannið nær aðeins til tiltekins farms skal tiltaka ADR flokkun samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi, á undirmerki 808.1

Texti-skýring

Heimilt er að gefa upp lengd að stað eða gildissvæði með undirmerki 802.1 **200 m**, 804.1 **200-800m** eða 808.1

Texti-skýring

312 Takmörkuð breidd ökutækja



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu breidd ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í metrum með einum aukastaf.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem breidd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m

, 804.1 **200-800m**

eða 808.1

Texti-skýring

Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda breidd í metrum með einum aukastaf. Þannig er 2,2 m takmörkuð breidd ökutækja táknuð með 312-22.

Sjá nánar:

Upplýsingar um lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

314 Takmörkuð hæð ökutækja



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu hæð ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í metrum með einum aukastaf.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem hæð ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, við allar órafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 5,15 m og rafmagnaðar hindranir sem hafa fría hæð lægri en 6,15 m.

Tölugildi merkisins skal aldrei vera hærra en 0,25 m lægra en frí hæð, námundað niður að næsta heila tugi sentímetra. Tölugildi merkisins skal þó aldrei vera hærra en 4,2 m.

Nota skal undirmerki 808.1 Texti-skýring með textanum „Háspenna – lífshætta“ þegar varað er við háspennulínunum. Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerkinu 802.1

200 m, 804.1 200-800m eða 808.1 Texti-skýring. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda hæðartakmörkun í metrum með einum aukastaf. Þannig er 4,2 m hæðartakmörkun táknuð með 314-42.

Annað:

Frí hæð:

Frí hæð er minnsta hæð að hindrun fyrir ofan veg (s.s. loft ganga, brú, þak brúar, leiðslur) miðað við ástand vegar að sumri til.

Tölugildi umferðarmerkis

Tölugildi merkis skal gefa upp í m og með einum aukastaf. Hæsta mögulega tölugildi er 4,8 m.

fyrir órafmagnaðar hindranir:

Tölugildi umferðarmerkis reiknast sem frí hæð mínus 0,25 m og lækkun í næsta aukastaf.

Dæmi: frí hæð ganga ert 5,14 m -> 0,25 m eru dregnir frá = 4,89 m. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,8 m.

Dæmi: frí hæð undir umferðarbrú er 4,65 m -> 0,25 m sem eru dregnir frá = 4,4 m. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,4 m.

fyrir rafmagnsleiðslur:

Tölugildi umferðarmerkis reiknast sem frí hæð mínus 1,25 m og lækkun í næsta aukastaf.

Dæmi: frí hæð rafmagnsleiðslu ert 6,14 m -> 1,25 m eru dregnir frá = 4,89 m. Það þýðir að tölugildi merkisins er 4,8 m.

Nota skal undirmerki er tilgreina "Háspennu og lífshættu" þegar varað er við rafmagnsleiðslum.

Sjá nánar:

Upplýsingar um lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna minnsta leyfilega bil milli vélknúinna ökutækja sem ferðast í sömu átt, í heilum metrum.

Vinnureglur um notkun:

Minnsta leyfilega bil milli vélknúinna ökutækja skal tilgreint í heilum metrum á merkinu.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreint bil milli ökutækja í metrum. Þannig er 50 m bil milli ökutækja táknað með 315-50.

316 Takmörkuð lengd ökutækja



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu lengd ökutækja, þ.m.t. samtengdra ökutækja, hvort heldur með eða án farms, í heilum metrum.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem lengd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum metrum. Þannig er 10 m takmörkuð lengd ökutækja táknuð með 316-10.

Sjá nánar:

Upplýsingar um lengd, breidd og hæð bifreiða og vagnlesta má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

318.1 Takmörkuð heildarþyngd ökutækja

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu heildarþyngd ökutækja, í heilum tonnum. Takmörkunin gildir um hvert ökutæki samtengdra ökutækja.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem heildarþyngd ökutækja er takmörkuð umfram það sem heimilt er samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir punkt) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum tonnum. Þannig er 8 tonna takmörkuð heildarþyngd táknuð með 318.1-08.

Sjá nánar

Upplýsingar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Einnig má nálgast upplýsingar í rauntíma á vef Vegagerðarinnar www.umferdin.is

318.2 Takmörkuð heildarþyngd samtengdra ökutækja

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna mestu leyfilegu heildarþyngd samtengdra ökutækja, í heilum tonnum. Takmörkunin gildir einnig um stök ökutæki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem heildarþyngd samtengdra ökutækja er takmörkuð umfram það sem sagt er fyrir um í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Mesta leyfilega heildarþyngd samtengdra ökutækja skal lettuð á merkið. Takmörkunin gildir einnig um einstök ökutæki.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við á með undirmerki 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Sjá nánar

Upplýsingar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Einnig má nálgast upplýsingar í rauntíma á vef Vegagerðarinnar www.umferdin.is

320 Takmarkaður áspungi



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna mesta leyfilega þunga á ás með fjórum hjólum. Þyngd á ás með tveimur hjólum og þyngd á tví- og þríás skal vera í samræmi við reglur um þyngd ökutækja.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem áspungi ökutækja er takmarkaður umfram það sem heimilt er samkvæmt reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

Merkið skal sett upp á síðasta stað þar sem ökumaður getur valið aðra leið, ef við með undirmerkinu 802.1

200 m, 804.1 **200-800m** eða 808.1 **Texti-skýring**. Merkið skal einnig sett upp þar sem takmörkun byrjar ef það er ekki á sama stað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í heilum tonnum. Þannig er 7 tonna takmörkun áspunga táknuð með 320-07.

Sjá nánar

Upplýsingar um takmörkun á heildarþyngd og áspunga má finna í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja. Einnig má nálgast upplýsingar í rauntíma á vef Vegagerðarinnar www.umferdin.is

324 Sérstök stöðvunarskylda



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að stöðva skuli ökutæki við merkið eða stöðvunarlínu, annars staðar en við vegamót. Ástæða stöðvunarskyldunnar er letruð á neðri helming merkisins.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota á þeim stað sem ökumanni ber að stöðva ökutæki. Á neðri helming merkisins skal letra skýringu á stöðvunarskyldu.

Þar sem vara þarf við sérstakri stöðvunarskyldu, svo sem ef vegsýn að sérstakri stöðvunarskyldu er skemmri en kemur fram í sjónlengdartöflu, skal það gert með merkinu sjálfu og undirmerki 802.1 **200 m**.

330. Beygja bönnuð



330.1

Hægri beygja bönnuð



330.2

Vinstri beygja bönnuð

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að beygja í þá átt sem tilgreind er á merkinu á vegamótum eða við sambærilegar aðstæður, þ.á m. að óheimilt sé að snúa ökutæki við.

Vinnureglur um notkun:


Merkið skal setja upp við vegamót þar sem óheimilt er að beygja í þá átt sem merkið vísar.



Heimilt er að setja merkið upp við vegamót til áréttingar þar sem innakstur eða allur akstur er bannaður í tiltekna átt á vegamótunum.

Annað: Heimilt er að nota merkin 402.3  402.6  og 402.7 í  stað merkjanna 330.1  eða 330.2  ef það er talið æskilegra.

Sjá nánar um notkun merkjanna á eftirtöldum skýringarmyndum:

Dæmi um notkun merki 330.





332. U-beygja bönnuð



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að snúa ökutæki við á vegamótum eða við sambærilegar aðstæður.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem bannað er að snúa ökutæki við á vegi. Merki sem er sett við vegamót táknar að bannað sé að snúa ökutæki við á þeim vegamótum. Að öðru leyti táknar merkið að bannað sé að snúa ökutæki við frá merki og

að næstu vegamótum nema annað komi fram á undirmerki 804.1 **200-800m**.

334 Framúrakstur bannaður



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að óheimilt sé að aka fram úr vélknúnum ökutækjum öðrum en tvíhjóla.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem ástæða þykir til s.s. þar sem vegsýn virðist góð fyrir framúrakstur en villandi aðstæður gera hann hættulegan t.d. við útjaðar þéttbýlis, brekkur, blindhæðir, hulin vegamót og þess háttar.

Bannsvæðið hefst þar sem ekið er fram hjá merkinu og lýkur við næstu vegamót eða þar sem því er aflétt með

viðeigandi umferðarmerki, nema annað sé tekið fram með undirmerki 804.1 **200-800m**. Ef ekki er augljóst fyrir vegfarendur að bannið sé í gildi skal endurtaka merkið með 500 – 2000 m millibili.

Merkinu skal ávallt aflétt með merki 336  eða 380  við lok gildissvæðis. Sé lengd bannsvæðis 500 m eða styttri er þó heimilt að sleppa merki um afléttingu, enda sé lengd gildissvæðis tilgreind á merki 804.1 **200-800m**.

Heimilt er að nota merkið innan þéttbýlis en það er aðeins notað í undantekningartilfellum.

Annað:

Merki þetta má nota á vegum með bundnu slitlagi með einni akrein í hvora átt þar sem vegsýn er lægri en mætilengd.

Merkið má einnig nota á sömu vegum, þar sem vegsýn getur boðið upp á að aka fram úr, en aðstæður að öðru leyti gætu gert framúrakstur hættulegan, t.d. ef hættuleg beygja er framundan, gangandi fólk eða börn, hættulegar brekkur, vegamót o.s.frv.

335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að vörubifreiðum, þ.m.t. samtengdum ökutækjum, með meiri leyfðri heildarþyngd en 3.500 kg sé óheimilt að aka fram úr vélknúnum ökutækjum öðrum en tvíhjóla.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota þar sem vörubifreiðum er bannað að aka fram úr öðrum vélknúnum ökutækjum en tvíhjóla. Merkið skal nota utan þéttbýlis þar sem ástæða þykir til s.s. þar sem vegsýn virðist góð fyrir framúrakstur en villandi aðstæður gera hann hættulegan t.d. við útjaðar þéttbýlis, brekkur, blindhæðir, hulin vegamót og þess háttar.

Bannsvæðið hefst þar sem ekið er fram hjá merkinu og lýkur við næstu vegamót eða þar sem því er aflétt með viðeigandi umferðarmerki, nema annað sé tekið fram með undirmerki 804.1 **200-800m**. Ef ekki er augljóst fyrir vegfarendur að bannið sé í gildi skal endurtaka merkið með 500 – 2000 m millibili.

Merkinu skal ávallt aflétt með merki 337  eða 380  við lok gildissvæðis. Sé lengd bannsvæðis 500 m eða styttri er þó heimilt að sleppa merki um afléttingu, enda sé lengd gildissvæðis tilgreind á merki 804.1 **200-800m**.

Heimilt er að nota merkið innan þéttbýlis en það er aðeins notað í undantekningartilfellum.

Annað:

Merkið má nota þar sem hættu er á að með framúrakstri þungra bíla skapist hættu á biðraðamyndun sem leiði af sér verulega lækkun á afkastagetu vegarins, eða að slyshætta geti skapast með hægfara framúrakstri þungra ökutækja t.d. við klifurreinar og 2+1 vegi.

Merkið má einnig nota á sömu vegum, þar sem vegsýn getur boðið upp á að aka fram úr, en aðstæður að öðru leyti gætu gert framúrakstur hættulegan, t.d. ef hættuleg beygja er framundan 100.1 , 100.2 , gangandi vegfarendur 141 , börn 142 , vegamót 124  o.s.frv.

336 Bann við framúrakstri afnumið



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að bann við framúrakstri sé afnumið.

Annað: Ef bannsvæði er stutt má í stað þessa merkis nota merkið 334  með undirmerki 804.1 .

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota við lok svæðis, lengra en 500 m, þar sem framúrakstur er bannaður með merki 334 . Heimilt er að nota merkið við lok styttri svæða.

Heimilt er að nota merki 380  í stað merkisins þar sem aflétta þarf tímabundnu framúrakstursbanni.

337 Bann við framúrakstri vörubifreiða afnumið



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að bann við framúrakstri vörubifreiða sé afnumið.

Annað: Ef bannsvæði er stutt má í stað þessa merkis nota merkið 335  með undirmerki 804.1 .

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota við lok svæðis, lengra en 500 m, þar sem framúrakstur vörubifreiða er bannaður með merki 335. Framúrakstur vörubifreiða bannaður. Heimilt er að nota merkið við lok styttri svæða.

Heimilt er að nota merki 380  í stað merkisins þar sem aflétta þarf tímabundnu framúrakstursbanni.

362 Sérstök takmörkun hámarkshraða



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna hæsta leyfilega hraða ökutækis, hámarkshraða, í kílómetrum á klukkustund.

Annað: Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni leyfðri heildarþyngd skal það tilgreint á undirmerki 808.3 . Merkið gildir í akstursstefnu á þeim vegi sem það er sett við eða þar til önnur hraðamörk eru gefin til kynna með nýju merki 362 eða merki 364 , 562 , 544 , 546  eða 540 .

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota á vegum þar sem leyfilegur hámarkshraði er annar en lögbundinn hámarkshraði.

Heimilt er að nota merkið til að minna á lögbundinn hámarkshraða.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði á að gilda í kjölfar 544  eða 546 , skal merkið sett upp 30 – 60 m frá þessum merkjum.

Merkið skal endurtekið 50 – 100 m frá öllum stærri vegamótum og aðreinum.

Sérstakri takmörkun hámarkshraða er aflétt með 364 , 380  eða með nýrri hraðatakmörkun.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreindan hámarkshraða. 362-50 táknar t.d. merki fyrir hámarkshraða 50 km/klst.

Annað:

Úr umferðarlögum: Hámarksökuhraði skal tilgreindur í heilum tugum, að undanteknum hámarksökuhraðanum 15 km á klst.

Þegar hraðamörk varða eingöngu ökutæki með ákveðinni heildarþyngd eða gerð skal það tilgreint með táknmynd á undirmerki 808.3 .

Ef hraðatakmörkun er á innan við 500 m löngu svæði má tákna það með undirmerki 804.1  og sleppa merki með takmörkun lokið, 380 .

Æskilegt er að lækkun á hraðatakmörkun gerist í 20-30 km/klst. áföngum. Fyrsta merki skal vera í 300 m fjarlægð frá þeim kafla er merkið höfðar til og fjarlægð milli hraðatakmörkunarkerkja í hverjum áfanga eftir það sé 100 - 200 m eftir aðstæðum hverju sinni.

Ef annar hámarkshraði en 50 km/klst. gildir innan þéttbýlis skal gefa hann upp með bannmerki 362  eða 562 , þar sem leyfður hraði er tiltekinn.

Vinnureglur um notkun á vinnusvæðum:

Merkingar vegna framkvæmda við veg

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, er heimilt að nota skæran gulgrænan lit í stað guls litar á bannmerkjum.

Merki 362  skal þá vera með gulgrænum lit í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar:

364 Sérstök takmörkun hámarkshraða afnumin



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að sérstök takmörkun hámarkshraða sé afnumin. Þar með tekur gildi almenn takmörkun hámarkshraða á svæðinu.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað til að afnema sérstaka takmörkun hámarkshraða, þar sem við tekur lögbundinn hámarkshraði. Nota má merkið 362 Sérstök takmörkun hámarkshraða með nýjum leyfilegum hámarkshraða í stað merkisins. Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreindan hámarkshraða. 362-50 táknar t.d. merki fyrir hámarkshraða 50 km/klst.

370 Bannað að stöðva ökutæki



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að bannað sé að stöðva ökutæki, enda sé stöðvun eigi nauðsynleg vegna annarrar umferðar, þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram á undirmerki. Ef bifreiðastæði er merkt eða afmarkað er heimilt að leggja í það en bannið gildir áfram að því loknu. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað þar sem nauðsynlegt er vegna umferðaröryggis eða umferðarflæðis að banna stöðvun og lagningu ökutækja.

Undirmerki 804.1 er notað með merkinu til að merkja framúrakstursvasa á vegamótum utan þéttbýlis.

Undirmerki 808.5 er notað með merkinu til að gefa til kynna sérstakt stæði til vöruafgreiðslu.

Um merkið gilda sömu reglur og um notkun merkisins 372 .

Annað: Ekki þarf að nota merkið þar sem bannað er að stöðva samkvæmt umferðarlögum.

Stöðvunarbann tekur aðeins til þess vegarhellingis sem merkið er á. Bannið gildir í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum. Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum má setja upp merki á þeim

stað þar sem banninu á að ljúka og þar undir ör sem snýr á móti aksturstefnunni. (828.1 eða 828.3

). Ef bannið nær aðeins um skamman veg má nota eitt merki með undirmerki sem tilgreinir fjarlægðina

(804.1). Ef þurfa þykir má áréttta bannið með merki eða merkjum innan bannsvæðisins og þar

undir örvum sem vísa í báðar áttir (828.5). Ná bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal velja undirmerki með upplýsingum um það.

Inna þéttbýlis skal fjarlægð milli merkja að jafnaði vera 70 m en þó mest allt að 150 m.

Frá svæði við gatnamót að fyrsta merki er venjulega um 5 - 25 m.

372 Bannað að leggja ökutæki



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að bannað sé að leggja ökutæki þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram á undirmerki. Ef bifreiðastæði er merkt eða afmarkað er heimilt að leggja í það en bannið gildir áfram að því loknu. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað þar sem bannað er að leggja ökutæki.

Bannið gildir þeim megin vegar sem merkið stendur, í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið stendur og að


næstu vegamótum nema annað sé gefið til kynna með undirmerki, öðru bannmerki svo sem 370 eða

sérreglumerki til dæmis og 552.1 Merkið skal vera tvíhliða, þ.e.a.s. fram og bakhlið merkisins skal vera eins, þar sem bannið gildir beggja vegna merkisins.

Ef bannið á ekki að ná að næstu vegamótum skal setja upp merkið með undirmerki 828.1 eða 828.8 á þeim stað þar sem banninu á að ljúka. Ef bannið nær aðeins um skamman veg, þ.e. styttra en 25 m, frá vegamótum er heimilt í sérstökum tilvikum, að sleppa merki sem markar upphaf svæðisins eða sleppa merki sem markar lok svæðis en nota þess í stað eitt merki með undirmerki 804.1 sem tilgreinir fjarlægðina við upphaf svæðis. Utan þéttbýlis er heimilt að nota undirmerki 804.1 fyrir lengra svæði ef augljóst er af aðstæðum til hvaða svæðis bannið nær.

Bannið skal árétta með tvíhliða merki innan bannsvæðisins ef þörf er á svo sem ef um langan vegkafla er að ræða,

ekki sést að merkinu eða ef aðstæður eru villandi. Undirmerki 828.5 828.6 eða 828.9 er notað með merkinu í slíkum tilfellum nema ef það stendur strax í kjölfarið á afmörkuðum bifreiðastæðum.



L, táknar lengd gildissvæðis. L* er að hámarki 25 m

Undirmerki 806.1 er notað með merkinu til að gefa til kynna gildistíma bannsins. Gildistími mismunandi notkunar má ekki skarast. Sé mismunandi notkun eftir tíma dags er sú notkun sem er meira takmarkandi höfð ofar.

Sé undirmerki 808.5 notað með merkinu geta aðrir en þeir sem sinna vöruflutningum stöðvað í stæðinu svo sem til að hleypa farþega inn eða út en óheimilt er að leggja í stæðinu.

Nái bannið aðeins til tiltekinna tegunda ökutækja skal nota undirmerki með upplýsingum um tegund ökutækja. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum eða tilteknum tíma dags eða lengur en t.d. 30 mín. skal letra um

það upplýsingar á undirmerki 806.1  eða 831.1 .


Ekki skal nota merkið, nema í undantekningartilfellum, til að merkja svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki skv. umferðarlögum.

Annað: Ekki þarf að nota merkið þar sem bannað er að leggja samkvæmt umferðarlögum.

Þegar bannað er að leggja ökutækjum á tilteknum dögum eða tilteknum tíma dags eða t.d. lengur en 30 mín má nota

merkið 572 .

Dæmi um uppsetningu skilta þar sem bannað er að leggja ökutæki.



380 Afnám banna

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta kemur fyrir á framkvæmdasvæðum og við aðrar tímabundnar merkingar. Merkið gefur til kynna afnám banna sem hafa verið sett s.s. bann við framúrakstri og lækkun hámarkshraða. Merkið afnemur ekki bann við stöðvun eða lagningu ökutækja.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við tímabundnar takmarkanir á svæði þar sem annars þyrfti að nota tvö eða fleiri merki til afléttingar á sérstökum takmörkunum, svo sem á hámarkshraða og banni við framúrakstri fyrr á svæðinu.

Merkið skal ekki nota til að afnema bann við stöðvun eða lagningu ökutækja.